



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga um heimild til áframhaldandi undirbúnings og verkhönnunar á Vatnsstíg

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Vatnsstíg í samræmi við meðfylgjandi kynningu. Í undirbúningsferlinu og á framkvæmdatíma verði haft samráð og virkt samtal við viðeigandi hagsmunaaðila svo sem íbúaráð, aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks og atvinnulíf á svæðinu.

Greinagerð

Vatnsstígur er lítil gata sem liggur í miklum halla milli Laugavegs og Hverfisgötu. Um er að ræða hluta af göngugötusvæði samkvæmt deiliskipulagi Laugavegs 2. áfanga samþykkt 20.04.2021. Hönnunin er í samræmi við það skipulag en gert er ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum í götunni og stórauðnum gróðri. Einnig verður lýsing uppfærð og yfirborð götunnar gert að einum fleti sem bindur saman þau glæsilegu hús sem við götuna standa. Mikil uppbygging hefur átt sér stað við austari hlið götunnar en fer þeirri uppbyggingu senn að ljúka. Hluti uppbyggingarinnar er lítið torgsvæði innan lóðar sem opnast mót vestri og út í göturýmið en samráð hefur verið haft með uppbyggingaraðila varðandi hönnun þess svo að úr verður samrýmd ásýnd og yfirbragð. Aðgengi að bílastæðum í kjallara Vatnsstígs 4 og í port við Vatnsstíg 3 er tryggt.

Verkið er unnið í samstarfi við Veitur og uppbyggingaraðila á svæðinu og er áætlaður heildarkostnaður borgarinnar um 100 milljónir kr.

Virðingarfyllst,
Edda Ívarsdóttir
Deildarstjóri borgarhönnunar